



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Írskrar menningarhátíðar
og sýninga frá Írlandi
Gerðarsafni
Kópavogi
2. október 2009**

Ágæti bæjarstjóri,
Kópavogsbúar,
Góðir gestir.

Þótt Írland sé nágranni okkar hér norður í höfum og saga þjóðanna samofin á margan hátt hefur nokkuð á það skort að þekking okkar á menningu Íra sé eins víðtæk og vera bæri.

Því er það fagnaðarefni að Kópavogur býður nú til þessarar hátíðar og helgar Írlandi slíka daga. Sú hefð að bærinn velur á ári hverju land sem við viljum kynnst betur og færir hingað söguminjar og listaverk er orðin föst í sessi – sterkur strengur í menningarlífi Íslendinga.

Ég færi Kópavogi enn á ný einlægur þakkir fyrir þetta merka framtak sem auðgað hefur menningarreynslu landsmanna. Um leið hefur það leitt til fjölmargra gleðistunda og gert okkur kleift að skilja veröldina betur en áður var.

Margt er til marks um forn tengsl Íra og Íslendinga allt frá því er munkar þeirra sátu hér við andlega iðju og voru að líkindum hraktir burt af norskum heiðingjum. Laxdæla saga og Landnáma geyma vísbendingar um þessi tengsl, og hin sterka írsku arfleifð sem birtist í tónlist og bókmenntum hefur líka á síðari tímum haft umtalsverð áhrif á menningu okkar. Þýðingar á verkum James Joyce, Samuel Beckett og Seamus Heaney hafa einnig verið vel til þess fallnar að blása í glæður hinna fornu tengsla og efla vináttu þjóðanna á okkar tímum.

Við Íslendingar höfum öll sem ungt fólk í skóla kynnst sögunum um írsku munkana sem sigldu til landsins, og örnefni austur á fjörðum geyma vitnisburð um slíkar ferðir. Þó höfum við átt erfitt með að gera okkur farkostinn í hugarlund og ef til vill hefur hróður víkingaskipanna hrifið um of athygli okkar. Því er ánægjulegt að fá hingað í Kópavog skinnbáta frá vesturströnd Írlands, farkosti fornra fullhuga sem héldu til hafs fyrir um þúsund árum, komu hér við og rötuðu víða.

Fyrir áhugamenn um siglingar og viðburði í árdaga Íslandsbyggðar er mikill fengur að þessum bátum sem geta á komandi vikum einnig svalað fróðleiksþorsta nemenda.

Þá er gagnlegt fyrir okkur Íslendinga, einkum um þessar mundir, að kynnst á annarri sýningu hvernig sjálfsmynd Íra og túlkun þeirra á eigin landi var hönnuð með veggspjöldum fyrir nokkrum áratugum. Sú sýning gefur tilefni til margvíslegra ályktana um leið og hún er góður vitnisburður um grafíska list.

Það túlkunarform hefur einnig orðið tilefni til frumlegrar fléttu sem þriðja sýningin birtir okkur, túlkun listamanna frá ýmsum þjóðum á helstu gersemum írskrar listar sem varðveittar eru í þjóðarsafni. Hún er skemmtileg nálgun sem gaman gæti verið að endurtaka hér á landi, bjóða til sköpunarleiks á grundvelli verka Þórarins og Ásgríms, Nínu og Gerðar og þeirra allra sem ruddu brautir í nútímalist Íslendinga. Vel færi þó á að hefja leikinn með höfuðsnillingi íslenskrar málalistar, Jóhannesi Kjarval sem horfði einmitt til Íra þegar hann tók sér ættarnafn ungar.

Allar þessar sýningar og aðrir viðburðir mynda sannarlega fjölþætta veislu og eru Kópavogi til mikils sóma.

I would also like to thank our friends from Ireland for bringing their cultural treasures to Iceland and for thus reinforcing the historic bonds that link our nations.

Although Ireland played a significant part in the settlement of Iceland more than a thousand years ago, and even if Icelanders travelling in Ireland often experience the friendly attitude towards our country, we have not used well opportunities for cooperation and cultural exchanges.

Therefore these events here in Kópavogur are highly appreciated and we welcome the cooperation with Irish museums and institutions enabling this cultural festival to be dedicated to Ireland in such a splendid way. Let this occasion thus serve as a foundation for our increased cultural cooperation in the years to come.

Með þessum orðum ítreka ég þakkir mínar til Kópavogs og
árnaðaróskir og lýsi sýningarnar hér með opnaðar.